

DV



SJÓNVARPIÐ

- 18.00 **Gullregn. Lokapáttur.** - Danskur framhaldsmyndaflökkur fyrir börn í sex þáttum.
- 18.50 **Táknmálsfréttir.**
- 19.00 **Poppkorn** - endursýndur þáttur frá 15. feb. Umsjón Stefán Hilmarsson.
- 19.25 **Smellir** - Robbie Robertson. Endursýndur þáttur frá í haust.
- 19.54 **Ævintýri Tinna** Krabbinn með gullnu klærnar (4).
- 20.00 **Fréttir og veður.**
- 20.35 **Matarlist.** Umsjón Sigmar B. Hauksson.
- 20.50 **Á því herrans ári 1974.** Edda Andrésdóttir og Árni Gunnarsson skoða atburði ársins í nýju ljósi með aðstoð fréttáunnála Sjónvarpsins.
- 21.55 **Leynardómara Sahara** (Secret of the Sahara). - Sjötti þáttur. Framhaldsmyndaflökkur í sjö þáttum. Leikstjóri Alberto Negrin. Aðalhlutverk Michael York, Ben Kingsley, James Farentino og David Soul.
- 23.00 **Seinni fréttir.**
- 23.10 **B-keppnin í handknattleik.** Endursýndur leikur Íslands frá því fyrir um daginn.
- 23.55 **Dagskrárlok.**



STÖÐ 2


- 15.45 **Santa Barbara.** Bandarískur framhaldsþáttur.
- 16.30 **Lög gera ráð fyrir...** Penalty Phase. Peter Strauss fer hér með vandasamt hlutverk hæstaréttardómara. Hann tefir frama sínum í tvísýnu þegar hann lætur hættulegan morðingja lausan þar sem hugsanlegt er að gengið hafi verið á rétt hans. Aðalhlutverk: Peter Strauss, Karen Austin, Jane Badler, John Harkins og Millie Perkins.
- 18.00 **Selurinn Snorri.** Teiknimynd með íslensku tali. Leikraddir: Guðmundur Ólafsson og Guðný Ragnarsdóttir.
- 18.20 **Feldur.** Teiknimynd með íslensku tali um heimilislausu en fjóruga hunda og ketti.
- 18.45 **Bilapáttur Stöðvar 2.** Kynntar verða nýjungar á bílamarkaðnum, skoðaðir nokkrir bílar og gefin umsögn um þá.
- 19.19 **19:19.** Fréttir og fréttamjöllun, íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innslögum.
- 20.30 **Leiðarinn.** Umsjón: Jón Óttar Ragnarsson.
- 20.45 **Íþróttir á þriðjudegi.** Blandaður íþróttaráttur með efni úr ýmsum áttum.
- 21.40 **Hunter.** Vinsæll spennimyndaflökkur.
- 22.30 **Rumpole gamli.** Rumpole of the Bailey. Breskur myndaflökkur í sex hlutum, 3. þáttur. Lögræðingurinn Rumpole þykir fádæmagoður verjandi. Aðalhlutverk: Leo McKern.
- 23.20 **Lyklínúmerið.** Call Northside 777. Bládamaður nokkur tekur að sér að afsanna sekt ungs manns sem ákærður er fyrir morð á lögreglumanni. Myndin er byggð á sönnu sakamáli. Aðalhlutverk: James Stewart, Lee J. Cobb og Helen Walker. Leikstjóri: Henry Hathaway.
- 1.10 **Dagskrárlok.**



RÁS 1 FM 92,4/93,5


- 6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Kristinn Ágúst Friðfinnsson flytur.
- 7.00 **Fréttir.**
- 7.03 **Í morgunsárið með Óskari Ingólfssyni.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustu-greinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
- 9.00 **Fréttir.**
- 9.03 **Litli barnatíminn** - „Kári litli og Lappi“. Stefán Júlíusson les sögu

- sína (6). (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
- 9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
- 9.30 **Í pokahorninu.** Sigríður Pétursdóttir gefur hlustendum höll ráð varðandi heimilishald.
- 9.40 **Landpósturinn** - Frá Vesturlandi. Umsjón: Einar Kristjánsson.
- 10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfregnir.**
- 10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
- 11.00 **Fréttir.**
- 11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Einnig útvarpað eftir fréttir á miðnætti.)
- 11.55 **Dagskrá.**
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
- 13.05 **Í dagsins önn** - Barnamening. Umsjón: Steinunn Harðardóttir.
- 13.35 **Miðdegissagan:** „Blóðbrúðkaup“ eftir Yann Queffelec. Guðrún Finnbogadóttir þýddi. Þórarinn Eyfjörð les (19.)
- 14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 14.05 **Snjálag.** - Inga Eydal. (Frá Akureyri) (Einnig útvarpað að faranótt þriðjudegs að loknum fréttum kl. 2.00.)
- 15.00 **Fréttir.**
- 15.03 **Al þeim Hélose og Abélard.** Dagskrá í umsjón Ragnheiðar Gyðu Jónsdóttur. (Endurtekin frá 29. janúar sl.)
- 15.45 **Þingfréttir.**
- 16.00 **Fréttir.**
- 16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfregnir.**
- 16.20 **Barnaútvarpið** - Leikhúsfélag. „Óvitar“ eftir Guðrúnu Helgadóttur. Umsjón: Sigurlaug M. Jónsdóttir.
- 17.00 **Fréttir.**
- 17.03 **Tónlist á síðdegi** - Händel, Mozart og Haydn.
- 18.00 **Fréttir.**
- 18.03 **Á vettvangi.** Umsjón: Bjarni Sigtryggsson, Guðrún Eyjólfsdóttir og Páll Heiðar Jónsson. Tónlist. Tilkynningar.
- 18.45 **Veðurfregnir.**
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.32 **Kviksjá** - Hrollvekjur í íslenskum frásögnum. Umsjón: Matthias Viðar Sæmundsson. (Einnig útvarpað á föstudagsmorgun kl. 9.30.)
- 20.00 **Litli barnatíminn** - „Kári litli og Lappi“. Stefán Júlíusson les sögu sína. (6) (Endurtekin frá morgni.)
- 20.15 **„Herrens bönn“**, óratoria eftir Hugo Alfvén.
- 21.00 **Kveðja að norðan.** Úrval svæðisútvarpsins á Norðurlandi í liðinni viku. Umsjón: Kristján Sigurjónsson og Þröstur Emilsson. (Frá Akureyri)
- 21.30 **Útvarpsagan:** „Þjónn þinn heyrir“ eftir Söru Lidman. Hannes Sigfússon les þýðingu sína (14.)
- 22.00 **Fréttir.**
- 22.07 **Frá alþjóðlega skákmótinu í Reykjavík.** Jón Þ. Þór segir frá gangi skáka í sjöundu umferð.
- 22.15 **Veðurfregnir.**
- 22.20 **Lestur Passíusálma.** Guðrún Áegisdóttir les 26. sálm.
- 22.30 **Leikrit:** „Hjá tannlækni“ eftir James Saunders. Þýðandi og leikstjóri: Jón Viðar Jónsson. Leikendur: Rúrik Haraldsson, Margrét Ólafsdóttir, Harald G. Haraldsson og Þórunn Magnea Magnúsdóttir. (Einnig útvarpað nk. fimmtudag kl. 15.03.)
- 23.20 **Tónskáldatími.** Guðmundur Emilsson kynnir íslenska tónlist, í þetta sinn verk eftir Karólínu Eiríksdóttur.
- 24.00 **Fréttir.**
- 00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Endurtekin frá morgni.)
- 01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.



BYLGJAN 98.9

- 7.30 **Páll Þorsteinsson:** Réttum megin framúr með Bylgjunni - Þægileg morguntónlist. Kíkt í blöðin og litið til veðurs. Fréttir kl. 8 og Potturinn kl. 9.
- 10.00 **Valdis Gunnarsdóttir.** Allt í einum pakka - hádegis- og kvöldtónlist. Fréttir kl. 10, 12 og 13 - Potturinn kl. 11. Brávallagatan milli kl. 10 og 11.
- 14.00 **Þorsteinn Asgeirsson.** Síðdegistónlist eins og hún gerist best. Síminn er 61 11 11. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 15 og 17. Bibba og Halldór milli 17 og 18.
- 18.00 **Fréttir.**
- 18.10 **Reykjavík síðdegis** - Hvað finnst þér? Steingrímur Ólafsson spjallar við hlustendur. Síminn er 61 11 11.
- 19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri músík og minna mas.
- 20.00 **Íslenski listinn.** Ólöf Marín kynnir 40 vinsælustu lög vikunnar.
- 22.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Þægileg kvöldtónlist.
- 24.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.**



STJÖRN FM 102.2 & 104

- 7.30 **Jón Axel Ólafsson.** vaknar hress og vekur hlustendur með skemmtilegri tónlist við allra hæfi, spjallar við hlustendur og tekur þúlsinn á ýmsum málum. Fréttir kl. 08.00 og fréttayfirlit kl. 08.45.
- 10.00 **Helgi Rúnar Óskarsson.** Þessi ljúfi dagskrárgerðarmaður er mættur aftur til leiks. Helgi spilar að sjálfsgöðu nú sem fyrr öll nýustu lögin og kryddar blönduna hæfilega með gömlum göðum lummum.
- 14.00 **Gísli Kristjánsson** spilar óskálögin og rabbar við hlustendur. Síminn er 681900.
- 18.00 **Róleg tónlist** á meðan hlustendur borða í rólegheitum heima, eða heiman.
- 20.00 **Sigurður Helgi Hildversson og Sigursteinn Másson.** Þessir tveir bráðhressu dagskrárgerðarmenn fara á kostum á kvöldin. Óskálagasíminn sem fyrr 681900.
- 24.00 **Næturstjörnur.** Ókynnt tónlist úr ýmsum áttum. Fréttir á Stjörnunni kl. 08.00, 10.00, 12.00, 14.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 08.45.



HLJÓÐBYLGJAN

- 7.00 **Réttum megin fram úr.** Ómar Pétursson spjallar við hlustendur í morgunsárið, kemur með fréttir sem koma að gagni og spilar góða tónlist.
- 9.00 **Morgungull.** Hafdis Eygló Jónsdóttir á seinni hluta morgunvaktar, spilar tónlist við allra hæfi og segir frá ýmsum merkilegum hlutum. Afmæliskefju- og óskálagasíminn eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.

- 16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ævar Kjartansson og Sigríður Einarsdóttir. - Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendapjónustan kl. 16.45. - Fréttanaflinn, Sigurður G. Tómasson með fjölmiðlaryni eftir kl. 17.00. - Stórmál dagsins milli kl. 17 og 18.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.32 **Áfram Ísland.** Dægurilög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 **Útvarp unga fólksins.**
- 21.30 **FRÆDSLUVARP:** Lærun ensku. Enskukennsla fyrir byrjendur á vegum Fjarkennslunefndar og Málaskólans Mímis. Fimmtándi þáttur endurtekin frá liðnu hausti.
- 22.07 **Bláur nótur.** Pétur Grétarsson kynnir djass og blús.
- 23.45 **Innskot frá Alþjóðlega skákmótinu í Reykjavík.** Jón Þ. Þór skýrir skák úr sjöundu umferð.
- 01.10 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
- 8.07 - 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
- 18.03 - 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**



RÓT ÚTVARP FM 102.6 & 9

- 10.00 **Morgunstud.** Guðs orð og bæn.
- 10.30 **Alfa með erindi til þín.** Margvislegir tónar sem flytja blessunarkenningar boðskap.
- 14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins. Umsjónarmaður er Jódís Konrádsdóttir.
- 15.00 **Alfa með erindi til þín, frh.**
- 24.00 **Dagskrárlok.**



ÚTRÁS FM 104.8

- 16.00 **FB.**
- 18.00 **FG.**
- 20.00 **MH.**
- 22.00 **IR.**
- 01.00 **Dagskrárlok.**



ÓLUND

- 19.00 **Gatið.**
- 20.00 **Skólápáttur.** Umsjón hafa nemendur í Verkefnaskólanum.
- 21.00 **Fregnir.** 30 minúta fréttabáttur. Bæjarmál á þriðjudegi. Bæjarfulltrúar koma í heimsókn.
- 21.30 **Sagnfræðipáttur.** Sagan í viðu samhengi. Ritgerðir og b.h.
- 22.00 **Æðri dægurilög.** Diddi og Freyr spila sigildar lummur sem allir elska.
- 23.00 **Kjöt.** Ási og Pétur sjúga tónlist og spjalla um kjöt og fleira.
- 24.00 **Dagskrárlok.**


Þriðjudegur 21. febrúar

Stöð 2 kl. 22.30:

Rumpole gamli

Þetta er þriðji þáttur af sex um breska lögræðinginn Rumpole. Að þessu sinni fæst hann við nauðgunarmál. Í fyrstu er hann tregur til að taka málið að sér en lætur til leiðast þegar hann uppgötvar að hann getur grætt töluverða fjárhæð.

Ken Aspen er meðlimur í sósíalístaflokki og er hann sakadur um nauðgun. Ákærandi er flokksfélagi hans Bridget Evans. Aspen neitar öllum ásökunum en játar að hafa átt samskipti við hana þegar hún bar honum á brún á svíkja sósíalístaflokkinn. Aspen virðist vera viðkvæmur maður og eiginkona hans skiptir sér óspart af málum hans. Rumpole dregur sínar ályktanir. Hann lætur til skarar skriða og er sannfærður um að Aspen sé saklaus. -ÓTT



Sigmar B. Hauksson kemur víða við er hann fjallar um matargerð.

Sjónvarp kl. 20.35:


Matarlist

- fylltur kjúklingur

Að þessu sinni gefur Sigmar B. Hauksson áhorfendum uppskrift að matarmiklum kjúklingi. Rétturinn er ætlaður fyrir fjóra og er gert ráð fyrir um 1200 g kjúklingi. Eftirfarandi á að fara í fyllinguna:

- 200 g svínahakk
- ½ græn paprika
- ½ rauð paprika
- ½ meðalstór laukur
- 50 g sveppir
- 2 egg
- 1 dl rjómi
- 3 sneiðar franskbrauð (ristað, í bitum)
- 1 tsk. rífin engiferröt (fersk)
- 1 tsk. basilikum
- 1 tsk. oregano
- salt og pipar

Grænmetið er skorðið í litla bita og öllu sem á að fara í fyllinguna er blandað saman. Kjúklingurinn er úrbeinaður, fylltur, saumaður saman, kryddaður með salti og pipar. Að því loknu er hann steiktur í 180 gráða heitum ofni í 50-60 mínútur. -ÓTT



Rúrik tannlæknir Haraldsson annast hér mann sem kom til hans og bað um bráðaviðgerð.

Rás 1 kl. 22.30:

Hjá tannlækni - leikrit

- viðkvæmir varaðir við hlustun

Kannast einhver við kvíðatilfinninguna áður en farið er til tannlæknis? Leikrit vikunnar er eftir þekktan breskan leikritahöfund, James Saunders. Leikurinn fer fram á tannlæknastofunni hans Charles sem er að ljúka starfsferlinum. Síðasti sjúklingurinn situr í stólnum þegar maður nokkur knýr dyra og biður um bráðaviðgerð á tönn. Þegar „tannsi“ heyrir hver maðurinn er uppgötvar hann að nú býðst honum tækifæri til að gera upp gamlar sakir. Í tilkynningu frá RÚV segir að viðkvæmt fólk og þeir sem þjást af sjúklegum ótta við tannlækna séu varaðir við að hlusta á þetta leikrit.

Þýðandi leikritsins og leikstjóri er Jón Viðar Jónsson. Leikendur eru Rúrik Haraldsson, Harald G. Haraldsson, Þórunn Magnea Magnúsdóttir og Margrét Ólafsdóttir. Tækniamaður er Hreinn Valdimarsson. -ÓTT